



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 6. nóvember 2018.

Breytingar á leyfisreglugerð KSÍ

Ágætu félagar,

Með samþykki stjórnar KSÍ 31. október sl. hefur verið birt ný útgáfa af Leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 4.1.). Um að er að ræða talsvert breytta reglugerð frá fyrri útgáfu og því mikilvægt að aðildarfélag KSÍ, sem leika í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla, kynni sér ákvæði reglugerðarinnar ítarlega. Breytingar þessar eru tilkomnar vegna breytinga sem orðið hafa á leyfisreglugerð UEFA.


Hér að neðan er yfirlit yfir helstu breytingar:

Helstu breytingar á Leyfisreglugerð KSÍ:

1. Gerðar eru auknar kröfur til leyfisveitanda (KSÍ) við yfirferð á leyfisgögnum frá leyfisumsækjendum (**grein 4, stafliður e, f og g**).
2. Gerðar eru stífar kröfur um að ekki sé hreyft við lykileinkennum félaga (nafni, aðsetri, lit búnings o.s.frv.) (**grein 11, málsgrein 3**).
3. Ríkari tilkynningarskylda vegna breytinga sem geta gert það að verkum að forsenda sé ekki lengur uppfyllt (**grein 12, málsgrein 3**). Til dæmis ber leyfisumsækjanda að tilkynna til KSÍ ef breytingar hafa orðið, eftir útgáfu þátttökuleyfis, á lögformlegu skipulagi, félagasamstæðu eða lykileinkennum.
4. Forsendur leyfiskerfis fyrir konur er listaðar upp í nýjum viðauka VII (**grein 13, málsgrein 1 og grein 15, málsgrein 2 og 5**). Kröfurnar eru að mestu í dúr við leyfisforsendur sem eiga við um félög í Inkasso-deild karla þó að viðbættum forsendum um læknisskoðun. Þau félög sem fara í gegnum þetta ferli (þ.e. þau eða það félag sem vinnur sér þátttökurétt í Evrópukeppni kvenna) fái C-leyfi sem gildi fyrir kvennalið. Sjá nánar í viðauka VII.
- **ATH: Tekur ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2019.**
5. Mælt er með að leyfisumsækjendur í efstu deild karla móti og framfylgi stefnu um árlega læknisskoðun leikmanna yfir 12 ára aldri (4. flokkur og eldri), samkvæmt forskrift KSÍ og íslenski löggjöf (**grein 18, málsgrein 3**). Forskrift læknisskoðunar vegna leyfiskerfisins, á vef KSÍ, hefur tekið breytingum samkvæmt því.
6. Sérhver leyfisumsækjandi skal móta stefnu og leiðbeiningar, í takt við stefnumótum ÍSÍ og UEFA til að vernda og tryggja öryggi og velferð ungra leikmanna. Þær skulu tryggja að þeir séu í öruggu umhverfi þegar þeir taka þátt í atburðum sem eru skipulagðir af leyfisumsækjanda (**grein 23**).
- **ATH: Tekur ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2019.**

7. Leyfisumsækjandi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn lækni eða sjúkraþjálfara með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum (Landlæknisembættinu), sem er ábyrgur fyrir sjúkraeftirliti yngri liða (**grein 33**).
8. UEFA þjálfaragráða fyrir afreksþjálfun unglunga (UEFA Elite Youth A) bætist við sem menntunarstig í grein 41 um yfirþjálfara unglingastarfs(**grein 41, stafliður c**).
9. Skerpt hefur verið á kröfum um skipurrit félaga/leyfisumsækjanda, þ.e. að þau verði að endurspegla sérhvern aðila (félag eða einstakling) með umtalsverð áhrif yfir leyfisumsækjanda. (**grein 50, stafliður e, f og g**).
10. Leyfisumsækjandi verður að birta á vefsíðu sinni, eða vefsíðu KSÍ sem leyfisveitanda, upplýsingar um heildarupphæð sem hann greiddi á síðasta rekstrarári til umboðsmanna, beint eða óbeint, og síðasta endurskoðaða ársreikning sinn eftir yfirferð KSÍ (**grein 52, málsgrein 6**).
11. Skerpt hefur verið á kröfum vegna vanskila við önnur knattspyrnufélög (**grein 53, málsgrein 2, stafliður c**).
12. Skerpt hefur verið á kröfum um að leyfisumsækjendur fylgi formi KSÍ varðandi ársreikninga og bókhald (**grein 52, málsgrein 4**).
13. Uppsetning rekstrarreiknings hefur verið breytt lítillega (**Grein B í viðauka IV**).
14. Verulega auknar bókhaldskröfur tengdar félagaskiptum leikmanna, og sérstökum kostnaðar- og tekjuliðum. Hert er á kröfum varðandi varanleg félagaskipti og enn frekar varðandi tímabundin félagaskipti. (**Grein J og K í viðauka IV**)

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.